

Mánudaginn 9. nóvember 1959.

Nr. 93/1959. **Hreppsnefnd Nesjahrepps f. h. hreppsins**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn
skiptaráðandanum í Skaftafellssýslu
og
Sigurborgu Þórarinsdóttur
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór
B. Línðal.

Erfðamál. Skjal, áritað af arfleifanda, metið ógilt sem erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson, fulltrúi sýslumanns í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að úrskurði skiptaráðanda verði hrundið og skjal það, sem málið fjallar um, verði dæmt gild erfðaskrá, er skiptaráðanda beri að fara eftir við skipti á dánarbúi Sigurðar Þórarinssonar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu, Sigurborgar Þórarinsdóttur, bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar til handa stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Við útgáfu skjals þess, sem í málinu greinir, var ekki gætt ákvæða 24. gr., sbr. 25. gr. og 26. gr. erfðalaga, nr. 42/1949, um áritun votta eða notarii publici á skjalið um undirskrift Sigurðar Þórarinssonar né um viðurkenningu hans á efni þess. Verður skjalið þegar af þeirri ástæðu ekki metið gild erfðaskrá gegn þeim andmælum lögerfingjans, Sigurborgar, sem í úrskurði skiptaráðanda getur. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Nesjahrepps f. h. hreppsins, greiði stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Skaftafellssýslu 8. október 1958.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 26. f. m. að undan-gengnum skriflegum málflutningi, hefur sóknaraðili, hreppsnefnd Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, krafizt þess, að fram lagt skjal (réttarskjal nr. 1) verði tekið gilt sem lögleg erfðaskrá og eignum Sigurðar sál. Þórarinssonar verði varið eftir því, sem nánar greinir í skjalinu.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati réttarins.

Lögmaður varnaraðilja, Sigurborgar Þórarinsdóttur, hefur í bréfum, dags. 9/3 1958, 28/3 1958 og 23/6 1958 (réttarskjöl 4, 5 og 7), mótmælt gildi nefnds skjals sem löglegrar erfðaskrár og krafizt þess, að Sigurborgu Þórarinsdóttur sem einkaerfingja verði lagðar út eftirlátnar eignir Sigurðar sál. Þórarinssonar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 21. september 1957 andaðist í Landspítalanum í Reykjavík Sigurður Þórarinsson frá Stóruhálsi í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Hann lét eftir sig skriflegt uppkast, þar sem hann kveður það vera vilja sinn, að stofnaður verði minningar-sjóður af eftirlátnum eignum sínum, er beri nafn hans. Sé tilgangur sjóðsins að verja árlegum vöxtum til að verðlauna skepnueigendur í Nesjahreppi, eftir því sem nánar greinir í skjalinu, og að stjórn sjóðsins sé bezt komin í höndum hreppsnefndar Nesjahrepps. Skjal þetta, sem er ódagsett, er auðkennt með eiginhand-arnafni Sigurðar, neðarlega vinstra megin, en skjalið ber ekki með sér, að það sé undirritað í viðurvist notarii publici eða tveggja tilkvaddra votta, en óvefengt er, að það sé með rithönd Sigurðar.

Sigurborg Þórarinsdóttir hefur mótmælt gildi þessa skjals sem

löglegrar erfðaskrár og telur efni þess ekki vera síðasta vilja arflátans.

Tvö vitni hafa komið fyrir rétt.

Sigfinnur Pálsson, bóndi í Stóru-^lág, hefur borið, að hann hafi séð Sigurð sáluga vera að skrifa nefnt skjal að morgni 28. ágúst 1957, en þann dag fór Sigurður til Reykjavíkur til lækninga. Hafi sér virzt hann þá vera með fullu ráði og rænu og heill heilsu.

Sömuleiðis ber vitnið Sigurbjörg Eiríksdóttir, húsfreyja í Stóru-^lág, að hún hafi séð Sigurð sáluga vera að rita skjalið þennan morgun, og hafi sér virzt hann heill heilsu og með fullu ráði og rænu.

Héraðslæknirinn á Höfn, Kjartan Árnason, hefur vottað, að hann hafi skoðað Sigurð 22. ágúst 1957, og hafi sér virzt hann vera eins og hann átti að sér.

Svo sem áður segir, kallar Sigurður sálugi skjalið „uppkast“ og virðist samkvæmt framburði vitnanna hafa skrifað það í flýti. Er ekki öruggt gegn mótmælum, að það hafi að geyma síðasta og endanlegan vilja hans. Og þar sem skjalið ber hvorki með sér, að það sé undirritað í viðurvist notarij publici né tveggja tilkvaddra erfðaskrárvotta, hefur verið gengið í svo verulegum atriðum fram hjá hinum ströngu formkröfum, að því er varðar samningu erfðaskrár, sbr. 24., 25. og 26. gr. laga nr. 42/1949, að ekki þykir fært að meta skjalið gilt sem löglega erfðaskrá.

Verður því samkvæmt framansögðu að úrskurða skjalið ógilt sem erfðaskrá, þar sem það uppfyllir ekki hið lögboðna erfðaskrárform.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Fram lagt skjal Sigurðar Þórarinssonar skal metið ógilt sem lögleg erfðaskrá.

Málskostnaður fellur niður.
